

## Reykjavíkurborg

annars vegar

og

Félag sjúkráþjálfara, Iðjubjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands,  
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag háskólamanna á  
matvæla- og næringarsviði  
og Þroskaþjálfafélag Íslands  
hins vegar  
gera með sér svofelldan

### samning

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila.

### Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að sameiginlegum markmiðum aðila vinnumarkaðarins um að auka kaupmátt og tryggja efnahagslegan stöðugleika.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að bæta vinnulag við gerð kjarasamninga m.a. með bættri upplýsingagjöf og að gengið verði frá nýjum kjarasamningi áður en gildandi samningur rennur út.

#### 1. Framlenging gildandi kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningur aðila framlengist til 31. ágúst 2015 með eftirfarandi breytingum:

a. Almenn launahækkun:

Hinn 1. apríl 2014 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi aðila hækka í samræmi við meðfylgjandi launatöflu sbr. fylgiskjal 1.

b. Eingreiðslur:

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í apríl 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í apríl 2014.

Þann 22. desember 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 20.000 m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í nóvember 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í nóvember 2014.

GB 9/6 5/3  
BBP 9/6 5/3  
GTR 9/6 5/3

Þann 1. júní 2015 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 20.000, m.v. fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í apríl 2015. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í apríl 2015.

Fyrirgreindar greiðslur ná til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausum leyfi.

c. Persónuuppbætur

Desemberuppbot skv. gr. 1.7. verður á árinu 2014 kr. 79.500.

Orlofsuppbot skv. gr. 4.2.2. verður á árinu 2014 kr. 39.500 og á árinu 2015 kr. 40.500.

## 2. Starfsþróunarsetur háskólamanna

Aðilar eru sammála um að viðbótar 0,1% framlag til starfsmenntunar, sem samþykkt var í forsendunefnd aðila þann 18. febrúar 2013, verði hluti af iðgjaldi Reykjavíkurborgar til Starfsþróunarseturs háskólamanna.

Breytingar verða á grein 14.5. með eftirfarandi orðalagi:

### 14.5. Greiðslur til Starfsþróunarseturs háskólamanna

Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemur 0,7% af heildarlaunum félagsmanna frá og með 1. apríl 2014.

Aðrar greinar í 14. kafla færast í samræmi við breytinguna þannig:

14.6. Greiðslur í vísindasjóð

14.7. Skil á iðgjöldum

14.8. Félagsgjöld

14.9. Launaseðill

GB  
BBP  
GTR  
SB  
PE

## Undirbúningur næstu samninga

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamnings sem taki gildi við lok samnings þessa. Unnið verður eftir eftirfarandi viðræðuáætlun sem telst hluti samningsins.

### Viðræðuáætlun

#### *Markmið*

Aðilar munu hefja viðræður í kjölfar gildistöku samnings þessa vegna þess kjarasamnings sem framlengdur er og gildir til 31. ágúst 2015 með það fyrir augum að ljúka gerð nýs kjarasamnings fyrir þann tíma. Markmiðið verði vaxandi kaupmáttur, efnahagslegur stöðugleiki og lág verðbólga, bætt samkeppnisstaða atvinnulífsins og stöðugt gengi krónunnar. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa raunhæfar væntingar í samfélaginu til mögulegs ávinnings af kjarasamningum.

#### **Megináherslur viðræðna:**

##### *Mat á menntun*

Markmið samningsaðila er að endurskoða og samræma með hvaða hætti mat á menntun háskólamenntaðra starfsmanna Reykjavíkurborgar er metin til launa. BHM mun fyrir lok janúar 2015 tryggja að fyrir liggja greining á menntun félagsmanna aðildarféлага BHM hjá Reykjavíkurborg. Þessi greining verði lögð til grundvallar í næstu kjarasamningsviðræðum.

##### *Hæfni- og árangursmatskerfi*

Aðilar eru sammála um að kanna til hlítar möguleikana á að þróa kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi. Fyrir lok september 2014 hafi aðilar lagt mat á hvernig núverandi hæfnislaunakerfi þjónar tilgangi sínum. Í kjölfarið verði lagt mat á hvort æskilegt er að innleiða nýtt kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi hjá Reykjavíkurborg og skal það mat liggja fyrir í lok janúar 2015.

##### *Starfsmatskerfið SAMSTARF*

Samningsaðilar eru sammála um að sú endurskoðunarvinna sem aðilar hafa í sameiningu hafið verði lögð til grundvallar að breyttum starfsreglum starfsmatsnefndar. Markmið breytinganna er að bæta verklag, auka skilvirkni og málshraða. Sú endurskoðun skal liggja fyrir í lok október 2014 og starfsreglurnar lagðar fram í samstarfsnefnd til afgreiðslu.

Markviss endurskoðun á störfum fari fram. Aðilar eru sammála um að þörf sé á heildarendurskoðun starfsmatskerfisins til að tryggja að starfsmatskerfið endurspegli störf og starfsumhverfi Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarvinnan felur meðal annars í sér samanburð á störfum þvert á svið og starfsstaði borgarinnar og þess gætt að ekki sé um ómálefnalega mismunun að ræða. Heildarendurskoðun skal lokið fyrir 1. október 2014 og gilda afturvirkir frá 1. febrúar 2014.

SB  
BE  
GG  
GPN

### *Ný launatafla*

Fram fari endurskoðun á gildandi launatöflu og tengingu hennar við starfsmat. Fyrir lok september 2014 verði hafnar viðræður um mögulegar útfærslur á nýrri launatöflu sem samið verði um að taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings aðila.

### *Samningsumboð*

Fyrir lok maí 2014 leggi samningsaðilar skriflega fram skipun samninganefnda og umboð þeirra til samningaviðræðna.

### *Sérmál önnur en launaliðir*

Viðræður um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem ekki varða launalið verði skipulagðar fyrir lok janúar 2015. Miðað skal við að kröfur komi fram fyrir lok nóvember 2014.

### *Endurskoðun viðræðuáætlunar*

Fyrir lok apríl 2015 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar.

### *Launaliðir*

Viðræður um launaliði hefjist í byrjun apríl 2015 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði.

### *Fundaáætlun / tímasett markmið*

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

gk sb  
GIB gk pE  
BRP GIBN

## Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. ágúst 2015 og rennur þá út án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt til afgreiðslu. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 30. apríl 2014 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík 16. apríl 2014

F.h. Reykjavíkurborgar,  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

*Ejo Newman*  
*Kristinn Þorbergsson*  
*Helga Þ. Ragnvald*  
*Kristinn Einsteinnsson*  
*Jón Bruni Þrytselctor*

F.h. Félags sjúkráðgjafara  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Binnur Þótor Þorbergsson*

F.h. Iðjubálfélags Íslands  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Gueðinn Benediktsson*

F.h. Sálfræðingafélags Íslands  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Þórunn S. Einarsson*

F.h. Stéttarfélags bókasafns- og  
upplýsingafræðinga  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Sigurður Þorvaldursson*

F.h. Stéttarfélags háskólamanna á  
matvæla- og næringarsviði  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Sigrún Gunnarsdóttir*

F.h. Þroskaþjálfafélags Íslands  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Sauvegar E. Guðmundsson*

*SB*  
*CB*  
*BBP*  
*SB*  
*BT*  
*SB*

## Yfirlýsing

### *Kynbundinn launamunur*

Þann 1. október síðastliðinn var samþykkt í borgarstjórn aðgerðaáætlun í 11 liðum til að sporna gegn kynbundnum launamun. Meðal annars var farið í umfangsmikið fræðsluáttak þar sem áhersla var lögð á breytt viðhorf þeirra sem fara með launasetningu hjá borginni og að stilla saman strengi stjórnenda til að takast á við verkefnið að útrýma kynbundnum launamun. Meðal verkefna í aðgerðaáætluninni er stóraukin áhersla á upplýsingagjöf til stjórnenda, starfsmanna og almennings um launamál sem og að skerpa á reglum um launasetningu og eftirfylgni þeirra. Þá var samþykkt að unnar verði árlegar launaúttektir úr launagögnum borgarinnar og skoðun verði hafin á innleiðingu á nýju viðbótarlaunakerfi.

Fulltrúar Félags sjúkráþjálfara, Iðjuþjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði og Þroskaþjálfafélags Íslands munu fylgjast náið með þessari vinnu.

SB  
GFB  
GFB  
GFB  
BBP

**AÐILDARFÉLÖG BHM Í STARFSMATI**

Gildir frá 1. apríl 2014

þrep	1	2	3	4
Lfl.	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
140	250.388	252.597	257.167	261.605
141	251.488	255.382	259.736	263.261
142	252.637	257.209	261.648	266.260
143	255.424	259.779	263.304	268.304
144	257.251	261.691	266.304	271.394
145	259.821	263.348	268.350	274.531
146	261.734	266.348	271.440	277.714
147	263.391	268.395	274.577	280.946
148	266.392	271.485	277.761	284.225
149	268.439	274.623	280.993	287.554
150	271.532	277.809	284.273	290.932
151	274.670	281.040	287.603	294.380
152	277.855	284.322	290.983	297.959
153	281.089	287.652	294.433	301.591
154	284.370	291.033	298.011	305.377
155	287.702	294.484	301.645	309.291
156	291.082	298.064	305.434	313.262
157	294.536	301.697	309.349	317.295
158	298.118	305.490	313.321	321.388
159	301.752	309.406	317.355	325.543
160	305.547	313.381	321.449	329.758
161	309.464	317.415	325.605	334.037
162	313.439	321.509	329.821	338.522
163	317.474	325.665	334.102	343.085
164	321.570	329.884	338.588	347.774
165	325.727	334.165	343.154	352.640
166	329.946	338.654	347.844	357.577
167	334.229	343.220	352.712	362.592
168	338.722	347.914	357.651	367.680
169	343.287	352.784	362.666	372.843
170	347.986	357.724	367.755	378.086
171	352.855	362.739	372.920	383.406
172	357.797	367.830	378.164	388.806
173	362.814	372.996	383.486	394.288
174	367.906	378.241	388.886	399.852
175	373.073	383.563	394.369	405.500
176	378.318	388.966	399.934	411.231
177	383.642	394.451	405.582	417.048
178	389.046	400.016	411.315	422.952
179	394.531	405.666	417.135	428.946
180	400.099	411.399	423.042	435.031

181	405.750	417.221	429.036	441.205
182	411.486	423.128	435.120	447.473
183	417.306	429.124	441.296	453.834
184	423.216	435.211	447.564	460.290
185	429.213	441.388	453.928	466.844
186	435.299	447.658	460.386	473.496
187	441.478	454.021	466.940	480.248
188	447.751	460.481	473.593	487.100
189	454.115	467.038	480.347	494.056
190	460.577	473.692	487.202	501.116
191	467.135	480.447	494.160	508.282
192	473.792	487.303	501.220	515.556
193	480.546	494.261	508.388	522.938
194	487.405	501.325	515.663	530.432
195	494.364	508.494	523.048	538.038
196	501.430	515.770	530.543	545.757
197	508.600	523.157	538.151	553.593
198	515.879	530.653	545.871	561.545
199	523.266	538.263	553.709	569.619
200	530.765	545.986	561.663	577.812
201	538.375	553.825	569.737	586.129
202	546.100	561.782	577.932	594.570
203	553.942	569.858	586.252	603.137
204	561.900	578.055	594.694	611.834
205	569.977	586.375	603.263	620.660
206	578.184	594.819	611.950	629.598
207	586.510	603.385	620.762	638.664
208	594.956	612.073	629.701	647.861
209	603.523	620.887	638.769	657.190
210	612.214	629.828	647.967	666.653

Handwritten notes in blue ink, including the letters "BBP" and some illegible scribbles.